



Öryggisblöð (MSDS)

Samkvæmt reglugerð nr. 1027/2005 og tilskipunum 91/155/EEC og 67/548/EEC.

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **METÝLENKLÓRÍÐ**

Notkun: Til iðnaðar.

Dreifingaraðili: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Gerð öryggisblaða: EFNAVERND ehf., Breiðagerði 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Útgáfudagsetning: 31.01.2007

Neyðarlínan; sjúkrahúsið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
75-09-2	200-838-9	Metýlenklóríð	> 99	Xn H40

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

3. Varúðarupplýsingar.

Getur hugsanlega valdið krabbameini. Brotnar niður við hitun með myndun á vetnisklóríð gasi. Hvarfast við alkálí- og jarðalkalímálma og saltpéturssýru. Ræðst á ýmis lífræn efni, sérstaklega pappír og tau. Hætta á upphleðslu stöðurafmagns. Verkar á marga málma, t.d. kolefnisríkt stál og zink, ál, magnesíum og blöndur þessara málma.



4. Skyndihjálp.

Við innöndun: Flytjið slasaða strax í ferskt loft. Haldið honum rólegum og látið hann sitja uppi til hálf. Leitið lækni.

Snerting við húð: Færið slasaða strax úr fötum sem mengast af efninu og þvoðið húðina með miklu vatni. Haldið honum rólegum og látið hann sitja uppi til hálf. Leitið lækni.

Snerting við augu: Skolið strax vandlega með miklu vatni með augað vel opið; lyftið augnlokum. Leitið lækni.

Við inntöku: Skolið munn og háls strax með vatni. Framkallið EKKI uppköst. Áfengi eykur á eiturhrif efnisins. Flytjið slasaða strax á sjúkrahús.

Upplýsingar f. lækna: -

5. Viðbrögð við eldsvoða.

Efni/aðferðir: Efnið brennur ekki. Notið slökkviefni eftir aðstæðum. Notið viðeigandi hlífðarfatnað og ferskloftstæki við slökkvistörf. Haldið umbúðum með efninu á hættusvæðinu köldum með vatni.

Sérstök hættu: Við vissar aðstæður geta myndast eldfim/sprengifim blanda með andrúmslofti. Ef eldfimu efni er bætt í vöruna eða súrefnisinnihald eykst getur myndast eldfim blanda.

6. Efnaleki.

Notið viðeigandi persónuhlífar og ferskloftstæki við hreinsunarstörf. Látið efnið ekki komast í niðurföll eða vatn. Stöðvið lekann ef það er hægt án áhættu. Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Spúlið staðinn þar sem lekinn varð með miklu vatni.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Notið efnið aðeins í lokuðum kerfum. Notið ekki þrýstiloft við áfyllingu, tæmingu eða vinnslu. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafragnni.

Geymsla: Geymist í vel lokuðum umbúðum á þurrum, köldum og vel loftræstum stað við hita undir 35°C. Heppilegt umbúðaefni er ryðfrítt stál eða gler.

8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.

Tæknilegar aðgerðir: Notið efnið aðeins í lokuðum kerfum. Notið ekki þrýstiloft við áfyllingu, tæmingu eða vinnslu. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafragnni.

Mengunarmörk: Metýlenklóríð (MG) 35 ppm 122 mg/m³

Persónuhlífar;

Öndunargrímur: Notið viðeigandi öndunargrímu ef loftræsting er ekki fullnægjandi.

Fyrir augu: Öryggisgleraugu með hliðarhlífum.

Fyrir hendur: Hlífðarhanskar úr PVC.

Fyrir húð: Hlífðarfatnaður.

Hreinlæti við vinnu: Neytið ekki matar eða drykkjar eða reykið meðan á notkun stendur.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

Ástand / útlit / lykt: Vökvi / litlaus / einkennandi

Sýrustig (pH): -

Bræðslumark: -97°C

Suðumark: 40°C (við 1013 hPa)

Blossamark: -

Sprengimörk; neðri - efri: 13 - 22% rúmmáls

Íkveikimörk: 662°C

Gufuþrýstingur: 465 hPa (við 20°C)

Gufuþéttni: 2,9 (andrúmsloft = 1)

Seigja: 0,43 mPa.s (við 20°C)

Eðlisþyngd: 1,33 (vatn = 1)

Leysni: Leysni í vatni er 20 g/l (við 20°C)

Deilistuðull, n-oktanól/vatn: Log Pow 1,25 - 1,30

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

Stöðugleiki: Efnið er stöðugt við rétta meðhöndlun og geymslu.

Aðstæður sem skal forðast: Hiti yfir 60°C, beint sólarljós og opinn eldur.

Efni sem skal varast: Sterkir oxunarmiðlar, sterkir basar.

Hættuleg niðurbrotsefni: Vetnisklóríð gas, kolmónoxíð og fosgen.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

<i>Við innöndun:</i>	Veldur höfuðverk, svima, ógleði og meðvitundarleysi.
<i>Snerting við húð:</i>	Ertandi.
<i>Snerting við augu:</i>	Ertandi. Sársauki.
<i>Við inntöku:</i>	Kvalir í kviðarholi og þyngsl fyrir brjósti.
<i>Bráð eiturrhif:</i>	-
<i>Langtímaáhrif:</i>	Efnið er til skoðunar sem mögulegur krabbameinsvaldur.

12. Hættur gagnvart umhverfinu.

<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	-
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	-
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	Spillir vatni. Framleiðandi gefur nánari upplýsingar.

13. Förgun.

<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.
<i>Lög um förgun og meðhöndlun úrgangs:</i>	Lög nr. 55/2003, lög nr. 33/2004.

14. Flutningur.

<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur: 6.1	UN-nr.: 1593	Númer og bókstafur: 15c
	Nafn efnis: DICHLORO METAN		
	Varúðarmerki:	Hættunr.:	Pökkunarflokkur:
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur: 6.1	UN-nr.: 1593	Pökkunarflokkur:
	Ems: MFAG:		
	Nafn efnis: DICHLORO METAN		
	Varúðarmerki:		Sjávarmengandi:
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA flokkur: 6.1	UN-nr.: 1593	Pökkunarflokkur:
	Nafn efnis: DICHLORO METAN		
	Varúðarmerki:		

Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:



Varnaðarmerki: Xn

Inniheldur: Metýlenklóríð

EB-nr.: 200-838-9

H - setningar: H40 Getur hugsanlega valdið krabbameini.
V - setningar: V23 Varist innöndun gufu/úða.
V24/25 Varist snertingu við húð og augu.
V36/37 Notið viðeigandi hlífðarfatnað og hlífðarhanska.
(V2) GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:
Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann:: 31.01.2007 *Dagsetning frumrits:* 29.11.1993

Breytt þann: 25.01.2007 *Breyttir liðir:* 1, 3, 8, 9, 12, 15, 16.

Gert fyrir: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Unnið af: EFNAVERND ehf., Breiðagerði 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

H40 Getur hugsanlega valdið krabbameini.

Annað: Þeir sem vinna með efnið þurfa að vera upplýstir um hættulega eiginleika þess og um nauðsynlegar varúðarráðstafanir við meðhöndlun. Tryggja þarf að nauðsynlegar persónuhlífar og öryggisbúnaður sé fyrir hendi.

Þessi öryggisblöð eru unnin eftir MSDS frá EPENHUYSEN CHEMIE N.V., 3336 LH Zwijndrecht, Holland.